

Ed.

78. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breyting á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í Vélskóla Íslands í Reykjavík.

Kennslutími skal vera minnst fimm mánuðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps báru fram á síðasta þingi frumvarp samhljóða þessu. Málið hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu og er því flutt á ný. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt lögum greinist vélstjóranám í fjögur stig, og veitir nám á hverju stigi þá menntun, sem krafizt er til að geta öðlast tiltekin atvinnuréttindi.

Nám á 1. stigi fer fram á námskeiðum á vegum Vélskóla Íslands. Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs, fær þegar í stað réttindi til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 51—250 ha. vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 ha. vél. Og að loknum 12 mánaða starfstíma öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 ha. vél.

Kennsla á 1. stigi vélstjóranáms er nú veitt í Reykjavík, Akureyri og Vestmanneyjum. Hins vegar hefur ekki að jafnaði verið gefinn kostur á slíku námi á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Allmargir vélstjórar á íslenskum fiskiskipum hafa fengið leyfi til að starfa með undanþágu frá fullum vélstjóraréttindum, og er það ekki sízt í þeim landshlutum, þar sem kennsla á þessu sviði er ekki veitt.

Þótt brýna nauðsyn hafi borið til þess að ráða á fiskiskip vélstjóra með undanþágu frá fullum réttindum í samræmi við menntunarkröfur, þá er það óeðlilegt og varhugavert að þurfa að láta þá skipan þessara mála haldast til frambúðar. Vélar skipanna verða æ fullkomnari, og á hinum traustu skipum er sótt mjög djarft á fiskimiðin. Að því ber að stefna, að þeir, sem búa sig undir vélstjórarstarf, eigi sem greiðasta leið til þess í öllum landsfjórðungum að afla sér menntunar í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru, og öðlast þannig full atvinnuréttindi.

Í frv. þessu er kveðið svo á, að námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skuli halda árlega í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum. Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í Vélskóla Íslands í Reykjavík.“